



Reykjavík, 6. janúar 2026

MSS25120121

Borgarráð

Umsögn vegna tímabundins áfengisveitingaleyfis í tilefni útsendingar Super bowl 9. febrúar 2026, Keiluhöllin Egilshöll, Fossaleyni 1.

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. desember 2025 um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 05.00, aðfaranótt mánudagsins 9. febrúar nk. vegna veitingastaðarins Keiluhöllin Egilshöll, Fossaleyni 1 vegna beinnar sjónvarpsútsendingar á úrslitaleik Super bowl 2025 í Bandaríkjunum.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 17. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01.00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda almennar miðborgarheimildir og má heimila veitingatíma áfengis til 03.00, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 05.00 aðfaranótt mánudags. Í 2. mgr. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild, sérstaklega þar sem um er að ræða veitingastað sem er í hæfilegri fjarlægð frá íbúðabyggð.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn vegna umsóknar Keiluhallarinnar í Egilshöll, Fossaleyni 1 um tímabundið áfengisleyfi aðfaranótt mánudagsins 9. febrúar nk. með vísan til 2. mgr. 17. gr. l. nr. 85/2007. Jákvæð umsögn takmarkast við afgreiðslutímann frá kl. 00.00 til kl. 04.30, sem er lengsti heimilaði veitingartími áfengis í borginni. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Eiríkur Búi Halldórsson
skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík